

# **Foreldraverðlaun Heimilis og skóla 2008**

Þjóðmenningarhús, fimmtudaginn 15. maí kl. 16:00

## **Dagskrá:**

### ***Tónlistaskóli Reykjanesbæjar***

Lukasz Serwatko leikur einleik á gítar

### ***Setning***

Sjöfn Þórðardóttir formaður Heimilis og skóla

### ***Ávarp***

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra

### ***Tónlistarskóli Skaftárhrepps Kirkjubæjarklaustri***

*Pála Katrín Pálmadóttir – einleikur á gítar*

### ***Greint frá niðurstöðum dómnefndar***

Jón Ólafur Halldórsson formaður dómnefndar

### ***Afhending Foreldraverðlauna 2008***

### ***Upplestur nemanda***

Lukasz Serwatko

### ***Tónlistarskóli Skaftárhrepps Kirkjubæjarklaustri***

Pála Katrín Pálmadóttir, Konný Sif Gottsveinsdóttir og Herdís Lind Jónsdóttir

### ***Athöfn slitið***

Sjöfn Þórðardóttir formaður Heimilis og skóla

Að lokinni dagskrá er gestum boðið til kaffiveitinga



Verðlaunagripir Foreldraverðlaunanna 2008  
eru hannaðir og handunnir af  
Elísabetu Ásberg

**Lýsingar á verkefnum í bæklingnum  
eru unnar upp úr þeim  
tilnefningum sem bárust.**

**Niðurstöður dómnefndar byggjast á  
greinargerðum og rökstuðningi þeirra  
aðila sem tilnefndu.**

# Heimili og skóli þakkar dómnefnd vel unnin störf.

Dómnefnd skipa:

Jón Ólafur Halldórsson, formaður  
Heimili og skóli

Brynhildur Pétursdóttir  
Heimili og skóli

Sigurveig Sæmundsdóttir  
Skólastjórafélag Íslands

Guðbjörg Jónsdóttir  
Menntasvið Reykjavíkurborgar

Ásdís Hrefna Haraldsdóttir  
Kennaraháskóli Íslands

Elín Rósa Finnbogadóttir  
Svæðaráð foreldra - Mosforeldrar

Brynja Baldursdóttir  
Fulltrúaráði Heimilis og skóla

Heimili og skóli þakkar Tónlistarskóla Reykjanesbæjar  
og Tónlistarskóla Skaftárhrepps fyrir tónlistarflutning við  
athöfnina

# Tilnefningar til Foreldraverðlauna 2008

Foreldrar og starfsfólk á Barnaheimilinu Ósi .....	5
Leikskólinn Tjarnarland, Egilsstöðum - Foreldrasamvinna og hefðir í skólstarfi .....	6
Borghildur Jósúadóttir og foreldrafélag FVA - Foreldrarölt og fleira í FVA .....	7
Foreldrafélag Svalbarðsskóla - Starfsemi foreldrafélagsins .....	8
Valdís Arnardóttir og foreldrafélag MK - Foreldrafélag MK .....	9
Mentor - Tölvusamskipti milli heimilis og skóla .....	10
Skólastjórar og kennarar í Leikskólanum Sólvöllum - Ferlimöppur .....	11
Grunnskóli Siglufjarðar - Átak gegn einelti .....	12
Valgerður Pálsdóttir - Alþjóðadagur .....	13
Nemendur, foreldrar og kennarar 10. bekkjar Grunnskóla Ísafjarðar - Þorablót .....	14
Foreldrafélag Fjölbrautaskóla Vesturlands - Foreldrarölt .....	15
Kristín Bragadóttir og Bjarni Bjarnason - Art er Smart .....	16
Gunnar Einarsson, Garðabæ - Næsta kynslóð .....	17
Starfsfólk og stjórnendur Hofsstaðaskóla - Þorablót 6. bekkja .....	18
Leikskólinn Ásgarður og Grunnskóli Húnaþings - Samstarf .....	19
Kristrún Sigurjónsdóttir - Móttökudeild fyrir nýbúa Lækjaskóla .....	20
Þorsteinn Pétursson forvarna- og fræðslufulltrúi Akureyri .....	21
Gunnar Gíslason fræðslustjóri Akureyri .....	22
Foreldrafélag Áslandsskóla - Foreldrafærninámskeið fyrir foreldra 6 ára barna .....	23
Ingibjörg Baldursdóttir - Þjóðadagur .....	24
Starfsfólk Tjarnarsels, Reykjanesbæ - Lestrar- og skriftarhvetjandi umhverfi .....	25
Ártúnsskóli, kennarar og stjórnendur - Samskipti við foreldra og aðra .....	26
Elva Björk Ágústsdóttir - Námsæknikennsla í Hofsstaðaskóla .....	27
Flataskóli - Heimasíður árganga í Flataskóla .....	28
Hofsstaðaskóli - Samfella milli skólastiga .....	29
Selið, Seltjarnarnesi -Félgasmiðstöð .....	30
Hólmsfríður Petersen og Hrund Rúnarsdóttir - Velliðan í Vindáshlíð .....	31
Tónlistarskóli Seltjarnarness .....	32
Sigurrós Stefánsdóttir - Myndlist í Grænatúni Kópavogi .....	33
Valgerður Halldórsdóttir - Stjúptengsl .....	34
Samtakahópurinn Reykjanesbæ - Ábyrg netnotkun .....	35



## Starfsfólk og foreldrar barna á barnaheimilinu Ósi

Leikskólinn Ós hefur starfað samfelt í tæp 35 ár og skilað árangursríku starfi. Foreldrar reka leikskólann, ákveða stefnu hans og skipa stjórn skólans. Meginmarkmiðið með starfinu á Ósi er að börnum gangi vel og séu virkir þátttakendur í leik og starfi og lögð er áhersla á þeirra sterku hliðar. Mikið og gott samstarf er meðal foreldra og starfsmanna á öllum stigum, bæði hvað varðar rekstur og faglegt starf.

Leikskólinn - barnaheimilið Ós hefur starfað eftir Hjallastefnunni um árabíl. Hjallastefnan er heildstæð námskrá sem byggir á jafnrétti, kynjaskiptingu, einfaldleika, jákvæðni, virðingu, aga og hófsemi.

Ós starfar eftir tveimur námsmarkmiðum. Í fyrsta fyrsta lagi eru starfslýsingar Hjallastefnunnar með þeim hætti að öll helstu atriði aðalnámskrár eru fléttuð inní leikskólastarfið og markmið hennar uppfyllt þó stundum séu farnar óhefðbundnar leiðir að þeim markmiðum. Í öðru lagi starfar Ós eftir kynjanámskrá Hjallastefnunnar þar sem einstaklingsstyrking og félagslegt uppeldi drengja og stúlkna fara saman með markvissri þjálfun. Kynjaskipting er notuð til að ná jafnrétti drengja og stúlkna.

Meginmarkmiðið með starfinu á Ósi verður því alltaf að öllum börnum gangi vel og séu virkir þátttakendur í leik og starfi og lögð er áhersla á þeirra sterku hliðar.

**Tilnefndir eru: Foreldrar og starfsfólk á Ósi**  
**Tilnefningaraðili: Sólmundur Már Jónsson**



## **Leikskólinn Tjarnarland Egilsstöðum Foreldrasamvinna og hefðir í skólastarfi**

Í leikskólanum Tjarnarlandi er gefið út veglegt fréttabréf með myndum og upplýsingum úr skólastarfinu til að koma upplýsingum um skólann, starfið og leiðir í skólastarfinu til foreldra. Þannig geta þeir lesið sér til um starfið og skólann þegar þeim hentar. Markmiðið er að auka áhuga á starfinu og vekja athygli samfélagsins á skólanum. Það eru ekki bara foreldrar sem lesa fréttabréfið heldur líka afar og ömmur, gestir og börnin sjálf, ásamt eldri systkinum. Fréttabréfið hefur verið gefið út síðastliðin fjögur ár. Foreldrafélagið kynnir sitt starf í ritinu, markmið og leiðir að markmiðum. Má þar nefna samstarf við eldri borgara, myndir af nemendum og starfsfólki í leik og starfi. Þannig eru upplýsingarnar aðgengilegar og fólki gefst tækifæri til að fletta þeim upp eftir sinni hentisemi. Ritið vekur jafnan jákvæðar umræður um skólastarfið, nemendur skólans og leiðir í starfinu. Foreldrar, nemendur og starfsfólk skólans hafa bæði gagn og gaman að ritinu.

**Tilnefndur: Leikskólinn Tjarnarland Egilsstöðum**

**Tilnefningaraðili: Nína Midjord Erlendsdóttir**



## **Borghildur Jósúadóttir og foreldrafélag FVA Foreldrarölt og fleira í FVA**

Síðastliðið haust var foreldrafélag Fjölbrautaskóla Vesturlands endurvakið eftir nokkur dauf ár. Helst var horft til þess að foreldrarfélagið þyrfti að hafa eitthvert hlutverk. Strax í ágúst hélt foreldrafélagið stóran fund, kynnti starfið sitt og fór í gang með foreldrarölt sem er eina sinnar tegundar hér á landi. Foreldraröltið fer fram í kringum öll böll hjá skólanum. Átta til tíu foreldrar rölta í hvert skipti og hefur það gjörbreytt allri umgjörð í kringum dansleikjahaldið.

Borghildur Jósúadóttir formaður foreldrafélags Fjölbrautaskóla Vesturlands var aðalhvatamaður þess að koma á foreldrarölti kringum framhaldsskólaböllin og hefur röltið verið í gangi á öllum dansleikjum skólans í vetur. Hefur þetta breytt allri ásýnd dansleikjanna til hins betra. Um það eru allir þeir sem að dansleikjunum koma sammála. Sérstaklega hefur Björgunarfélag Akraness, sem hefur séð um gæslu á böllunum til margra ára, tekið fram að allt þeirra starf er miklu auðveldara því margfeldisáhrifin eru þegar farin að koma í ljós. Fleiri foreldrar eru meðvitaðir um unglínginn sinn og vinahópin. Foreldraröltið var einnig til staðar á tónlistarkeppninni. Með eljusemi og dugnaði hefur foreldrafélagið með Borghildi í fararbroddi skapað hefð sem sannarlega er komin til að vera. Með beinni þátttöku í viðburðum eiga foreldrar auðveldara aðgengi að öllu skóla- og félagsstarfi á vegum skólans.

**Tilnefnd: Borghildur Jósúadóttir og foreldrafélag FVA**

**Tilnefningaraðili: Heiðrún Janusardóttir**



## **Foreldrafélag Svalbarðsskóla**

### **Starfsemi foreldrafélags Svalbarðsskóla**

Foreldrafélagið sér að stórum hluta um menningarlíf sveitarfélagsins, heldur spilakvöld, þorralót, bingó, föndurkvöld, skipuleggur ferðir og er öllum velkomið að vera þátttakendur þó þeir eigi ekki börn í skóla. Mikil og góð samvinna er meðal, nemenda, foreldra og starfsfólks.

Svalbarðshreppur er fámennt sveitarfélag, íbúar um 100. Aðeins eru níu nemendur í skólanum. Foreldrar þessara barna og annarra sem á undan hafa verið hafa byggt upp sterkt menningarlíf hér í sveit. Á árinu 1994 hófst þetta góða starf. Foreldrar sjá um spilakvöld, allt að sjö sinnum yfir veturinn og er það ekki gert til að afla fjár því sáralítil afgangur er af spilunum. Hins vegar koma öll skólabörnin þarna og margir aðrir sveitungar. Það er ansi stór hluti af íbúum. Foreldrar fara með nemendur í eina til tvær óvissuferðir, fara í leikhúsferðir, eru með bingó og halda þorralót. Allir vinna alltaf saman að undirbúningi þessa og er ekkert kynslóðabil á þorralótinu. Nemendur dansa við afa og ömmur undir harmonikkutónlist. Eldri nemendur sækja í að koma á samkomur ásamt öðrum íbúum hreppsins. Með þessu er verið að vinna heilmikið og þroskandi starf með börnunum. Þau eru fús til að taka þátt í öllu, óhrædd við að koma fram, kunna að skemmta sér á böllum og læra að bera annars konar virðingu fyrir hvert öðru og foreldrum hvers annars en dags daglega. Þess má geta að nágrannasveitarfélög líta upp til þessa starfs og sækja svoltið í það. Hér ríkir ekkert kynslóðabil og allir vinna í sátt og samlyndi saman með það að markmiði að halda saman góðum skóla í góðu samfélagi.

**Tilnefnt: Foreldrafélag Svalbarðsskóla**

**Tilnefningaraðili: Daníel Hansen**



## **Valdís Arnardóttir og aðrir í undirbúningsnefnd Foreldrafélag Menntaskólans í Kópavogi**

Foreldrafélag Menntaskólans í Kópavogi er nýstofnað og komið til að vera. Í mörg ár hafði SAMKÓP biðlað til foreldra um að foreldrar nemenda í MK tækju sig til og stofnuðu foreldrafélag. Valdís Arnardóttir tók af skarið, stofnaði undirbúningshóp og stóð fyrir því að þessi hugmynd varð að veruleika. Fyrstu skref félagsins eru til fyrirmyndar. Lög og fundargerðir félagsins er að finna á heimasíðu SAMKÓP

Tilgangur foreldrafélagsins er að stuðla að auknum gæðum skólastarfsins og leitast við að bæta jafnframt almenn skilyrði og aðstæður nemenda til menntunar og þroska. Félagið hefur sett sér markmið um að efla tengsl umsjónarkennara, barna og foreldra og kynna betur skilgreiningu á hlutverki umsjónarkennarans. Jafnframt hafa skotið upp kollinum hugmyndir um viðtalstíma og foreldraviðtöl. Stefnt er að því að koma á foreldradögum í samstarfi við nemendaráð og skólann. Að hausti myndi einn dagur vera opinn foreldrum þar sem tengsl þeirra við skólann væru eflað. Félagið ætlar sér jafnframt að skoða hvernig mótuneytið virkar og athuga hvað hægt væri að gera til þess að það höfðaði meira til barnanna.

Með frumkvæði sínu við stofnun foreldrafélags við MK hefur Valdís lagt ómetanlegan grunn að því að tryggja unglingum sem stunda nám við MK betra umhverfi.

**Tilnefnt: Foreldrafélag Menntaskólans í Kópavogi**  
**Tilnefningaraðili: Hrefna Gunnarsdóttir**



## Mentor

Mentor.is er vefur sem sér um nær alla spjaldskrá skóla hvað varðar nemendur og starfsmenn og býður upp á fjölbreytta skráningu- og samskiptamöguleika fyrir skólasamfélagið. Nær allir grunnskólar og vaxandi fjöldi leikskóla nota þetta kerfi. Öll skráning á námsframvindu og ástundun er auðveld og birtist foreldrum og nemendum samstundis.

Mentor er mikill stuðningur við skólastarf og hefur stórbætt samskipti og samskiptamöguleika foreldra og skóla. Í gegnum Mentor geta foreldrar fylgst með námi barna sinna frá degi til dags, ástundun þeirra, heimavinnu og fleiru. Þessi samskiptamáti auðveldar upplýsingastreymi milli skóla annars vegar og nemenda og foreldra hins vegar og styður jafnframt við samskipti foreldra sín í milli. Foreldrar geta haft samband við kennara með tölvupósti á foreldra/nemendavef og foreldrar geta þar haft samband við aðra foreldra.

Mentor.is er orðinn órjúfanlegur þáttur í starfi nær allra grunnskóla á landinu og nær til sífellt fleiri þátta í skólastarfinu. Þetta er ómetanlegur stuðningur við skólastarfið og nám barnanna. Foreldrar, nemendur og kennarar hafa sinn aðgang. Foreldrar fá mun betri mynd af námsframvindu og ástundun barna sinna og með þessum hætti er hægt að bregðast mun skjótar við athugasemdum.

**Tilnefndir: Mentor.is**

**Tilnefningaraðilar:**

1. **Stjórnendur Laugalækjarskóla**
2. **Þórunn Traustadóttir, f.h. Álftamýrarskóla**



## **Skólustjórar og kennarar í leikskólanum Sólvöllum**

### **Ferlimöppur í leikskólanum Sólvöllum**

Verkefnið hófst 2004 þegar leikskólinn fékk styrk frá þróunarsjóði leikskóla til að gera ferlimöppur fyrir einn árgang. Allir aðrir fengu ferlimöppu og í dag, þegar barn byrjar í leikskólanum, fær það möppu sem fylgir því gegnum leikskólanámið. Verkefnið heitir „Ég og leikskólinn minn” og eru ferlimöppurnar til að skapa markvisst upplýsingaflæði milli skóla og heimilis.

Í upphafi þegar barnið byrjar í leikskólanum fá foreldrar möppu til skoðunar og fylla út upplýsingar sem nauðsynlegt er fyrir leikskólann að fá. Foreldrar fá ferlimöppuna afhenta þrisvar á ári og geta einnig fengið hana oftari ef þeir vilja. Á hverju vori fá foreldrar matsblað um hvernig þeim líki mappan og hvað þeim finnst betur mega fara. Allar ábendingar frá foreldrum eru skoðaðar og hafa margar góðar hugmyndir sem eru í möppunum komið frá foreldrum. Þannig vita foreldrar vita meira hvað gert er í leikskólanum og fylgjast vel með sínu barni. Kennarar eiga auðveldara með að koma upplýsingum til skila. Allar upplýsingar um barnið eru skráðar í möppuna.

Þegar ferlimappan fer heim setjast foreldrar niður með barninu og skoða myndir af liðnum atburðum og barnið sýnir stolt hvað það hefur verið að gera. Þegar barnið hættir í leikskólanum eru allar upplýsingar um leikskólann geymdar á einum stað. Þar geta foreldrar og nemendur skoðað möppuna og rifjað upp leikskólagönguna í málum og myndum.

**Tilnefndir eru: Skólustjórar og kennarar í Leikskólanum Sólvöllum Grundarfirði**  
**Tilnefningaraðilar: Foreldrafélag Leikskólans Sólvalla**



# **Grunnskóli Siglufjarðar**

## **Átak gegn einelti**

Markmiðið með verkefninu er að vinna gegn einelti í Grunnskóla Siglufjarðar með innleiðingu Olweusar áætlunarinnar. Stöðugt er unnið samkvæmt áætluninni í skólanum enda gera stjórnendur skólans og starfsfólk sér vel grein fyrir því að verkefni sem þessu lýkur aldrei.

Strax í upphafi var innleiðing Olweusar áætlunar kynnt foreldrum á fundum. Þeir fengu líka handbók og voru hvattir til að ræða málin við börnin og láta skólanum í té upplýsingar ef þá grunaði einelti á meðal nemenda. Foreldrar tóku framtaki skólans vel og hafa allar götur síðan staðið vörð um verkefnið.

Foreldrum var kynnt verkefnið með bæklingi og á kynningarfundi. Auk þess sem þeir hafa fylgst með því í gegnum börnin, til að mynda með því að foreldrar eru betur upplýstir um viðbrögð skólasamfélagsins við einelti og öðrum vandamálum sem koma upp í samskiptum milli nemenda. Verkefnið hefur stýtt boðleiðir milli heimilis og skóla því að foreldrar og aðstandendur hafa tekið hvatningu skólans um að hafa samband ef vandamál koma upp mjög vel. Umræðan um mikilvægi jákvæðra félagstengsla og góðra samskipta almennt hafa vaxið með verkefninu.

Eitt af fjölmörgum verkefnum grunnskóla á Íslandi hefur verið að vinna gegn einelti. Krafan um árangur í baráttunni gegn einelti hefur vaxið á síðustu árum og er það auðvitað af hinu góða. Við í Grunnskóla Siglufjarðar höfum samanburð á árangri í baráttunni gegn einelti, fyrir og eftir innleiðingu Olweusar áætlunarinnar. Í stuttu máli sagt er ólíku saman að jafna og Olweusaráætlunin hefur verið hvalreki fyrir Grunnskóla Siglufjarðar.

**Tilnefndur er: Grunnskóli Siglufjarðar**

**Tilnefningaraðilar:**

- 1. Björn Valdimarsson**
- 2. Foreldrafélag Grunnskóla Siglufjarðar**
- 3. Foreldraráð Grunnskóla Siglufjarðar**



## Valgerður Pálsdóttir Alþjóðadagur

Alþjóðadagur var haldinn í Álftamýrarskóla 17. febrúar síðastliðinn. Markmið hans er að efla samstarf nemenda og foreldra, sem eru af erlendu bergi brotnir. Einnig að ýta undir að allir séu jafnir í skólasamfélaginu. Þennan dag kom saman fólk af 23 þjóðernum og var það með kynningu á landi, þjóð og hefðum. Íslendingar tóku þátt í þessum degi og tókst dagurinn með afbrigðum vel og vakti mikla athygli fjölmiðla. Mun þetta verða hefð í starfi foreldrafélagsins hér eftir.

Valgerður Pálsdóttir er formaður foreldrafélags skólans og sá hún að öllu leyti um undirbúning Alþjóðadagsins. Mikil og góð samvinna var við foreldra erlendu nemendanna. Verkefnið hefur ýtt undir aðkomu erlendu foreldranna að skólanum og eftt samstarf og samvinnu þeirra í milli.

Valgerður hefur í starfi sínu sem formaður foreldrafélags skólans, stuðlað að mikilli og góðri samvinnu nemenda, forráðamanna þeirra og starfsfólks skólans. Hún er dugleg, samviskusöm og jákvæð.

**Tilnefnd er: Valgerður Pálsdóttir**

**Tilnefningaraðilar: Stjórnendur Álftamýrarskóla**



## **Nemendur foreldrar og kennarar 10.bekkar Grunnskólans á Ísafirði Þorablót 10. bekkjar**

Þorablót 10. bekkjar Grunnskólans á Ísafirði er haldið á bóndadag ár hvert. Það var haldið í fyrsta sinn 1981 fyrir nemendur í efsta bekk grunnskóla Ísafjarðar og allar götur síðan. Kennarar og foreldrar sjá um skipulagningu og skemmtiatriði. Nemendurnir mæta sem gestir þetta kvöld. Nemendur hafa fengið tilsögn hjá danskennara í gömlu dönsunum og foreldrar sem það vilja geta mætt í danstímana og rifjað upp danssporin. Þorablótið er hefðbundið að því leyti að allir mæta með sitt trog. Gestir eru þrúðbúnir og margir í íslenskum búningum. Ekki er óalgengt að ömmum og öfum sé boðið með. Veislustjóri kemur úr röðum foreldra og undir borðhaldi eru sungin þorralög og foreldrar og kennararar bjóða upp á skemmtiatriði. Að borðhaldi loknu er stiginn dans, skottís, vals, polki og fleiri dansar.

Þorablótið er fyrir löngu orðinn einn af föstu viðburðunum í skólstarfinu. Einnig hefur þorablótið fest sig í sessi sem eitt af fjölmennustu þorablótunum í bæjarfélaginu. Mikil tilhlökkun og eftirvænting er hjá öllum sem að koma.

**Tilnefndir eru: Nemendur, foreldrar og kennarar 10. bekkjar  
Tilnefningaraðilar: Skólastjórnendur Grunnskólans á Ísafirði**



## **Foreldrafélag Fjölbrautaskóla Vesturlands Akranesi**

### **Foreldrarölt skólans**

Í tengslum við dansleiki nemendafélags Fjölbrautaskóla Vesturlands skipuleggur foreldrafélag skólans "foreldrarölt". Því er þannig háttað að hálfri klukkustund áður en dansleikur hefst koma saman sjö til átta manns úr foreldrafélaginu og skipuleggja viðveru fyrir utan skólann þar sem dansleikirnir eru haldnir og í næsta nágrenni. Tilgangurinn með "foreldraröltinu" er fyrst og fremst sá að aðstoða skólayfirvöld og nemendafélagið við að hafa góða reglu á hlutunum í tengslum við dansleikina og hlúa að velferð barnanna. Markmiðið er að stuðla að því að hafa umgjörð í kringum dansleiki nemendafélagsins sem besta. Einnig að tengjast betur dansleikjum sem unglíngarnir (börnín þeirra) taka þátt í. Með þeim hætti fá þeir innsýn í þennan þátt í félagslífi unglínganna sinna.

Þeir kennarar, og forvarnarfulltrúi skólans, sem eru við gæslu á dansleikjum hafa mikil samskipti við þá sem taka þátt í "foreldraröltinu" hverju sinni. Það er samdóma álit þeirra að "foreldraröltið" hafi tekist vel og að samskipti kennara, forvarnarfulltrúa og foreldra hafi verið mjög góð. Þetta verkefni hefur fest sig í sessi og mun verða jákvæð hefð þegar fram líða stundir. Vissulega jákvæð, því verkefnið stuðlar að betri umgjörð í tengslum við dansleiki nemendafélagsins sem kemur öllum til góða.

**Tilnefnt: Foreldrafélag Fjölbrautaskóla Vesturlands**  
**Tilnefningaraðili: Hörður Ó. Helgason skólameistari**



## **Kristín Bragadóttir, Bjarni Bjarnason ofl. ART er Smart í Gaulverjaskóla**

Að kenna börnum að öðlast færni í félagsþroska, siðgæðisþroska og sjálfsstjórn.

ART er Smart meðferðarúrræðið hófst í Gaulverjaskóla 2006 og hefur breiðst út sem almennt forvarnarverkefni víða í grunn- og leikskólum á Suðurlandi. Gert er ráð fyrir 10-12 vikna námskeiði fyrir börn frá leikskólaaldri þrjá tíma í viku. Einn þáttur er tekinn fyrir í hverjum tíma, sjálfsstjórn, félagsfærni og klípusögur (siðfræði). Ávallt er gert ráð fyrir tveimur leiðbeinendum. Hóparnir eru smáir eða fjögur til átta börn.

Foreldrar fá ákveðna fræðslu, fá að fylgjast með og eru óbeinir þátttakendur, stuðningur við börnin. Foreldrar fylgjast með, hrósa, nota heima það sem börnin eru að læra á námskeiðinu, svo eitthvað sé nefnt. Staða barnsins er kortlögð af foreldrum og kennurum og saman er unnið að ákveðnum markmiðum. Einnig eru námskeið í boði fyrir nærfjölskylduna, sem hluti af félagsþjónustu sveitarfélaga. Þetta er námskeið sem kallar fram jákvæða tengingu milli heimilis og skóla og annarra aðila, s.s. félagsþjónustu og barnavernd. Foreldrar eru meðvitaðir um það sem verið er að vinna með, þeir fá kynningu í upphafi og staða barnsins borin saman í lokin. Með því móti kemur berlega í ljós hvað hefur áunnist.

**Tilnefnd eru: Kristín Bragadóttir, Bjarni Bjarnason ofl.**

**Tilnefningaraðili: Guðrún Helga Bjarnadóttir**



## **Gunnar Einarsson bæjarstjóri Garðabæjar Bætt sjálfsmynd unglunga**

Í haust ákvað bæjarstjórn Garðabæjar að bjóða unglungum í Garðabæ upp á námskeiðið *Næsta kynslóð*, í samvinnu við Dale Carnegie. Námskeiðið er sett upp með það að markmiði að undirbúa ungt fólk fyrir lífið. Á námskeiðinu er unnið að því að byggja upp sjálfsmynd unglunga með því að efla sjálfstraust þeirra, hjálpa þeim að breyta neikvæðu viðhorfi í jákvætt, sýna þeim fram á gildi þess að eiga góð samskipti og vera leiðtogi í eigin lífi og annarra. Á tíu vikum er unnið út frá sex þáttum. En þeir eru; að efla sjálfstraustið, bæta hæfni í mannlegum samskiptum, bæta tjáningu, bæta lífsviðhorf, efla leiðtogahæfileika og þjálfna markmiðssetningu. Mikið er lagt upp úr virkri þátttöku og unglingarnir gera æfingar í hverjum tíma til að víkka þægindahringinn og æfa þá hegðun sem ætlunin er að breyta, bæta eða þjálfna upp.

Árangurinn var sýnilegur því þátttakendur bættu námsárangur sinn, höfðu jákvæðara viðhorf gagnvart ýmsum fögum, fengu meira sjálfstraust, styrktu sjálfsmyndina og í kjölfarið áttu þeir betri samskipti við fjölskylduna, kennarana og aðra starfsmenn skólans.

**Tilnefndur er: Gunnar Einarsson bæjarstjóri**

**Tilnefningaraðilar:**

- 1. Svanhvit Þórarinsdóttir**
- 2. Erna Franklín**



## **Starfsfólk og stjórnendur Hofsstaðaskóla**

### **Þorablót 6. bekinga**

Sú hefð hefur skapast í Hofsstaðaskóla að 6. bekkir halda veglegt þorablót og bjóða foreldrum sínum til kræsinga og fjölbreyttrar skemmtidagskrár. Verkefnið er skemmtilegt dæmi um samþættingu námsgreina og uppbrot á hefðbundnu skólalastarfi. Undirbúningur stendur lengi yfir og er meðal annars fólgin í því að nemendur læra og æfa dans í íþróttatímum. Þeir læra og æfa þorralög, búa til skreytingar í myndmennt, semja og æfa skemmtiatriði o.fl. Nemendur sjá um að skreyta salinn og leggja á borð og á þorablótinu eru nemendur í aðalhlutverki, hvort heldur er á sviði eða við þjónustu bæði fyrir og eftir borðhald. Eftir borðhald eru gömlu dansarnir stignir undir styrki leiðsögn íþróttakennara sem leiða nemendur og foreldra saman í dansinum. Í lok kvölds halda allir heim á leið glaðir í bragði með heilan helling af góðum minningum í farteskinu.

Þessi skemmtilega kvöldstund tengir alla þátttakendur betur saman þar sem hún gefur tækifæri til samskipta t.d. milli kennara og foreldra sem og foreldra og barna. Einnig ýtir skemmtunin undir aukna virðingu foreldra fyrir kennurunum með því að sjá með eigin augum afrakstur vinnu sem fram fer í skólanum.

**Tilnefndir eru: Starfsfólk og stjórnendur Hofsstaðaskóla**

**Tilnefningaraðili: Elín Thorarensen**



# Leikskólinn Ásgarður og Grunnskóli Húnaþings Samstarf leik- og grunnskóla Húnaþingi vestra

Markmið samskipta grunn- og leikskólans í Húnaþingi vestra eru að tryggja samfellu í námi nemenda og öruggan flutning nemenda milli skólastiga. Með því er átt við að samvinna og samráð sé milli stofnananna, stjórnenda þeirra og kennara um námsefni og aðferðir. Einnig að börn og foreldrar finni til öryggis þegar líður að því að kveðja leikskólann og takast á við næsta skólastig.

Verkefnið hefur verið að þróast undanfarin misseri og má segja að núorðið sé komin hefð á samskiptin. Verkefnið og skipulag þess hefur verið kynnt fyrir foreldraráði og foreldrum. Foreldrar fá upplýsingar um samskiptin fyrirfram og jafnframt því sem þau fara fram. Það stuðlar að auknum samskiptum skólastiganna, eykur upplýsingaflæði milli stofnananna og jafnframt til foreldra. Við upphaf grunnskólanáms fá foreldrar upplýsingar um hvaða breytingar eiga sér stað og hvað er í vændum. Jafnframt flytjast upplýsingar betur milli leik- og grunnskóla svo móttaka nemenda verður öruggari og foreldrar finna vonandi fyrir því að grunnskólinn sé betur í stakk búinn til að taka við börnum þeirra og börnin tilbúnari til að skipta um skóla.

Á skólafærninámskeiði er lögð áhersla á að útskýra fyrir foreldrum þær breytingar sem eiga sér stað í lífi barnanna og hve mikilvægt er að sýna þeim skilning.

**Tilnefndir: Leikskólinn Ásgarður og Grunnskóli Húnaþings vestra  
Tilnefningaraðilar Foreldraráð Grunnskóla Húnaþings vestra og foreldrafélag  
leikskólans Ásgarðs**



## **Krísturín Sigurjónsdóttir**

### **Móttökudeild fyrir nýbúa**

Haustið 2002 tók til starfa móttökudeild fyrir nýbúa við Lækjarskóla í Hafnarfirði. Deildinni er ætlað að taka á móti öllum erlendum nemendum á grunnskólaaldri í Hafnarfirði sem eru nýkomnir til landsins og hafa enga færni í íslensku. Í móttökudeildinni er námsleg staða nemenda metin og tekin ákvörðun um hversu lengi nemendur stunda nám í deildinni. Miðað er við að nemendur séu einn vetur í deildinni en þó er nauðsynlegt að meta hvert tilfelli fyrir sig.

Markmiðið með námi í móttökudeild er að auka þjónustu við erlenda nemendur og búa þá undir nám í sínum heimaskóla. Áhersla er lögð á markvissa kennslu í íslensku sem öðru máli, stuðning við móðurmál nemenda, kennslu í námstækni og menningarfærni og aðstoð við aðlögun að íslensku samfélagi. Á meðan á námi í móttökudeild stendur eru allir nemendur auk þess tengdir við bekk í Lækjarskóla, hafa sinn umsjónarkennara og sækja tíma s.s. sérgreinar og stærðfræði með bekknum.

Áhersla er lögð á að hafa mikið og gott samstarf við foreldra og eru foreldrar hvattir til að heimsækja deildina eins oft og þeir vilja og geta. Deildarstjóri fundar reglulega með foreldrum og veitir þeim upplýsingar um námsframvindu barnsins, félagslega aðlögun o.fl. Reynt er að koma öllum almennum upplýsingum um skólafarfið til foreldra á móðurmáli þeirra.

**Tilnefnd er: Krísturín Sigurjónsdóttir**

**Tilnefningaraðili: F.h. Foreldraráðs Hafnarfjarðar, Helena Mjöll**



## **Þorsteinn Pétursson forvarnarfulltrúi Akureyri**

Þorsteinn Pétursson vinnur afskaplega gott, þarft og fjölbreytt forvarnarstarf í leik-,grunn - og framhaldsskólum bæjarins þar sem hann ræðir við börnin og foreldra þeirra. Hann fer í leik- og grunnskóla bæjarins sem og framhaldsskólana og ræðir um það sem við á, í hverjum skóla, umferðamál, skaðsemi fíkniefna og margt, margt fleira.

Þorsteinn er líka að fræða foreldrana. Sem dæmi má nefna helgina eftir samræmd próf 2007. Þá mættu 25 foreldrar á lögreglustöðina og var þorsteinn með fræðslu um samveru barna og foreldra, sem og vímuefni og þess háttar fyrir foreldraröltið. Þorsteinn fór með foreldrunum á röltið og var fróðlegt að sjá hvernig hann umgekkst unga fólkið sem við hittum. Það er frábært að sjá eldmóðinn og hvernig Þorsteinn nær að smita honum út frá sér til fólks á öllum aldri. Hann hvetur foreldra til að umgangast börnin af virðingu og heiðarleika og börnin hvetur hann til að gera slíkt hið sama gagnvart foreldrum sínum. Hann er alltaf tilbúinn að aðstoða börn og foreldra.

Þorsteinn hefur sinnt starfi sínu frábærlega vel og oft langt umfram skyldur. Hann sýnir börnunum mikla virðingu og kann að hlusta á þau. Þau bera mjög mikla virðingu fyrir honum og starfi hans. Hann heilsar öllum og gefur sér alltaf tíma til að ræða málin.

**Tilnefndur: Þorsteinn Pétursson**

**Tilnefningaraðilar: Samtaka svæðaráð foreldra barna í grunnskólum Akureyrarbæjar**



## **Gunnar Gíslason fræðslustjóri á Akureyri**

Undir stjórn Gunnars Gíslasonar fræðslustjóra á Akureyri hafa skólamálaráðgjafar á Akureyri tekið miklum framförum. Þar á meðal er einnig foreldrasamstarf. Leitað er leiða til að samvinna kennara og foreldra geti orðið sem best.

Á Akureyri eru leiðtogaskólar (grunn- og leikskóli) í foreldrasamstarfi. Það var gott skref til að bæta foreldrasamstarf í skólum bæjarins þar sem leiðtogaskólarnir hafa komið fram með ýmsar góðar leiðir sem margar hafa nýst öðrum skólum og verið öðrum hvatning til að prófa á eigin spýtur.

Samtaka er sameiginlegt svæðisráð grunnskóla bæjarins og má þakka Gunnari tilvist þess þar sem hann greiddi vel götu okkar í upphafi. Einnig hefur Gunnar verið boðinn og búinn að fræða okkur í Samtaka um allt sem við höfum spurt um, mætir á fundi hjá okkur með erindi og kynningar ef við óskum eftir því. Það er honum greinilega í mun að virkja foreldra í skólastarfinu og hvetja foreldra til ábyrgðar í skólasamfélaginu. Gunnar hefur greinilega þá trú að foreldrar geti gert góðan skóla enn betri.

Gunnar hefur sýnt okkur að foreldrasamstarf er honum mikið hjartans mál og hann vill bæta það í bæjarfélaginu. Eldmóður Gunnars hvað varðar bætt skólasamfélag er mikill og auðvelt að hrífast með þegar hann talar um hvernig hann sér fyrir sér skólana á Akureyri.

**Tilnefndur: Gunnar Gíslason fræðslustjóri á Akureyri**

**Tilnefningaraðilar: Samtaka, svæðisráð foreldra barna í grunnskólum Akureyrarbæjar**



# Foreldrafélag Áslandsskóla

## Foreldrafærninámskeið fyrir foreldra 6 ára barna

Markmiðið með foreldrafærninámskeiðunum í Áslandsskóla er að miða að því að mynda strax góð tengsl milli skóla og foreldra barninu til hagsbóta. Í Áslandsskóla er miðað að því að heimili og skóli standi saman að velferð barna, uppeldi þeirra og menntun og að koma í veg fyrir alls konar misskilning sem upp getur komið. Enn fremur að tryggja foreldrum upplýsingar um skólann sem auka líkur á jákvæðu samstarfi.

Foreldrafærninámskeiðið hófst fyrir u.þ.b. sex árum með stuðningi skólastjóra, Leifs Garðarssonar, og þykir nú eðlilegur hluti af skólastarfinu. Þar sem undirritaður mætir sem forvarnafulltrúi er aðsókn foreldra í Áslandsskóla mest, vímefnaneysla nemenda er minnst, mikil sátt um skólabúning, foreldrar ánægðir með skólann, samstarf milli skóla og foreldra gott, öflugt foreldrarölt er í gangi, gott samstarf milli foreldra og félagsmiðstöðvar og foreldrafélagið er viðurkenndur sem einn af undirstöðum þessa ágæta skóla

Verkefnið hefur án efa gegnt mikilvægu hlutverki við að tengja foreldra og skóla vel saman, tryggt það að foreldrafélagið sé öflugt og foreldrar virkir.

**Tilnefnt: Foreldrafélag Áslandsskóla**

**Tilnefningaraðili: Geir Bjarnason, forvarnafulltrúi**



# **Ingibjörg Baldursdóttir og Svanhvít Guðbjartsdóttir**

## **Þjóðadagur - Börnin okkar**

Ingibjörg Baldursdóttir, forstöðumaður skólasafns Flataskóla, hafði tekið eftir því að þeir nemendur skólans sem eiga bæði eða annað foreldri erlent ættu að ýmsu leyti erfitt með að finna sig í hópi og stríddu gjarnan við lítið sjálfsöryggi. Þegar Ingibjörg hafði kannað um hversu marga nemendur væri að ræða, komst hún að því að þeir væru um 30 talsins.

Ingibjörg Baldursdóttir stýrði verkefninu frá skólans hálfu, ásamt Svanhvíti Guðbjartsdóttur, og stjórn foreldrafélagsins hinum megin frá. Auk nemenda tóku því kennarar, starfsfólk og foreldrar virkan þátt í verkefninu. Afraksturinn var fullur hátíðarsalur af þjóðbúningum og minjagripum frá yfir 20 löndum, glæsileg þæfð blóm í öllum fánalitum, fánaborgir, alþjóðlegur matur og listaverk unnin í handmennt auk annarra verkefna sem nemendur unnu að um löndin. Það var sérstaklega eftirtektarvert hversu mikið þau börn sem eiga rætur að rekja til annarra landa en Íslands lögðu mikinn metnað í verkefnið og fylltust miklu stolti við það. Starfsfólk skólans hafði á orði að það væri hreinlega eins og þessi börn stækkuðu um nokkra sentimetra við þetta. Aðrir nemendur höfðu einnig einstaka ánægju af verkefninu og foreldrar merktu að þeir töluðu mikið um verkefnið heima fyrir.

Foreldrafélag Flataskóla lýsir yfir mikilli ánægju með þetta frábæra framtak Ingibjargar og Svanhvítar og þakkar fyrir tækifærið til að fá að taka þátt í þessu skemmtilega verkefni.

**Tilnefndar: Ingibjörg Baldursdóttir og Svanhvít Guðbjartsdóttir**  
**Tilnefningaraðilar: F.h. Stjórnar foreldrafélags Flataskóla,**  
**María Guðmundsdóttir**



## **Starfsfólk Tjarnarsels**

### **Lestrar- og skrifftarhvetjandi umhverfi í leikskólanum Tjarnarseli**

Frá árinu 1996 til dagsins í dag hefur leikskólinn Tjarnarsel verið að þróa lestrar- og skrifftarhvetjandi umhverfi leikskólabarna. Verkefnið byggir á því að skipuleggja stig af stigi lestrarhvetjandi umhverfi frá því að nemendurnir hefja leikskólagönguna 2ja til 3ja ára, með megin áherslu á gott aðgengi að bókum, með bókalestri og hvatningu kennara. Síðast liðin fimm ár hefur elsta árganginum verið boðið í lok leikskóladvalarinnar upp á tíu vikna lestrar- og skriftarnámskeið sem enn er að þróa og taka breytingum með reglulegu endurmati og þátttöku leikskólakennara og leiðbeinenda leikskólans.

Langtímamarkmið með lestrar- og skrifftarhvetjandi umhverfi í leikskólanum Tjarnarseli er að draga úr sérkennslu og stuðningi í grunnskóla vegna lestrarörðugleika. Markmið er að bjóða leikskólanemendum upp á leik- og námsskilyrði sem styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust þeirra og nýtist nemendum í náinni framtíð. Einnig er eitt af megin markmiðum verkefnisins að draga úr kvíða foreldra fyrir komandi grunnskólagöngu.

Aðkoma foreldra í lestrar- og skriftarnámskeiðinu felst í því að fylgjast með daglegu námi barnsins og sjá til þess að þau komi með námsgögnin í leikskólann. Áhersla er lögð á að upplýsa foreldra um framvindu námsins svo þeir geti stutt börnin sín og leikskólann sem best

**Tilnefndir: Starfsfólk Tjarnarsels**

**Tilnefningaraðilar: Stjórn foreldrafélags Tjarnarsels**



## **Ártúnsskóli, kennarar og stjórnendur**

### **Samskipti við foreldra og aðra aðstandendur**

Ártúnsskóli hefur verið að skapa mikil og jákvæð samskipti heimilis og skóla. Leiðir skólans hafa m.a. verið Föstudagssamverur, Ömmu- og afadagur, Samskiptadagur, Vorverkadagur í Grenndarskógi, Skólaskilaboð og tölvupóstsamskipti við foreldra. Einnig hafa bekkir boðið foreldrum í morgunkaffi í skólann.

Foreldrar eru með skólaskilaboðum og tölvupósti sérstaklega hvattir til að mæta þegar bekkir barna þeirra „troða upp“ á föstudagssamveru. Einnig flytja börn tónlistaratriði fyrir þessar samkomur sem hvetur enn fleiri foreldra til að mæta. Eldri kynslóðum, ömmum, öfum, frænkum, frændum er sérstaklega boðið á Ömmu- og afadag. Ætlast er til að foreldrar eða aðstandendur mæti á samskiptadag. Foreldrar allra barna í skólanum eru hvattir til að mæta og leggja sitt af mörkum við leik og störf. Samskiptadagarnir eru með mismunandi sniði. Stundum einstaklingsviðtöl en jafnvel oftast samvera þar sem börnin flytja efni fyrir foreldra og allur hópurinn vinnur verkefni saman. Foreldrar eru boðnir í morgunkaffi hjá einstökum bekkjum og er einnig velkomið að koma í heimsókn þegar þeir vilja.

Börnin eru mjög spennt að bjóða foreldrum sínum, öfum, ömmum og öðrum aðstandendum í skólann og eru þessir liðir orðnir að fastri hefð á mörgum heimilum. Foreldrar kynnast því sem börnin eru að vinna með, sem og kennurum, bekkjarfélögum barnsins og foreldrum þeirra. Að vinna að sameiginlegu markmiði eflir áhuga bæði foreldra og nemenda og brúar bilið á milli þeirra.

**Tilnefndir: Ártúnsskóli, kennarar og stjórnendur**

**Tilnefningaraðilar: Stjórn foreldrafélags Ártúnsskóla**



## **Elva Björk Ágústsdóttir náms- og starfsráðgjafi Námstæknifræðsla í Hofsstaðaskóla Garðabæ**

Markmiðið með námstæknikennslunni er að bæta námsárangur og líðan nemenda í námi og skóla. Með góðri námstækni er hægt að auka sjálfstraust í náminu sem og námsgetu og afköst. Það er mjög einstaklingsbundið hvaða aðferðir til náms hentar hverjum og einum og því mikilvægt að nemandi velji sjálfur þær aðferðir sem henta honum.

Foreldrum var boðið að taka þátt í námskeiðinu og hvattir til að kynna sér námsefnið og veita börnunum stuðning. Foreldrar ættu að vera betur í stakk búnir til að styðja við börnin í sínu heimanámi. Auk þess sem foreldrar kynnast námsráðgjafanum og hennar starfi og eru því frekar líkleg til að benda börnum sínum á að nýta sér heimsóknir til námsráðgjafa þegar á þarf að halda.

Foreldrum barna í 5.bekk var boðið í kennslustund til að taka þátt í stuttu námstækninámskeiði. Nemendur fengu hnitmiðað fræðsluhefti með helstu aðferðum námstækninnar og farið var í gegnum það í tímanum. Elva náði að setja efnið fram á einstaklega skemmtilegan og lifandi hátt með dæmisögum frá sjálfri sér og náði þannig vel til barna og einnig foreldra. Námskeiðið verður síðan dýpra eftir því sem börnin eldast.

**Tilnefnd: Elva Björk Ágústsdóttir**

**Tilnefningaraðilar: Foreldrafélag Hofsstaðaskóla**



## **Flataskóli**

### **Heimasíður árganga í Flataskóla**

Umsjónarkennurum stendur til boða að halda úti heimasíðum fyrir bekki sína. Þetta er í sjálfu sér ekki hluti af þeirra skilgreindu vinnu, en þeir hafa séð hag í því að halda úti slíkum upplýsingasíðum fyrir foreldra. Kennarar hafa lagt töluverða vinnu í verkefnið og uppfæra síðurnar mjög reglulega. Þetta á við um alla árganga í skólanum.

Markmiðið er að miðla upplýsingum sem tengjast árgangnum til nemenda og foreldra. T.d. er þarna að finna upplýsingar um heimanám og ýmsar uppákomur. Þetta er einnig liður í umhverfisstefnu skólans (sem nýlega hefur hlotið grænfánann), því upplýsingar eru ekki lengur sendar með nemendum á pappír.

Þarna geta foreldrar á fljótlegan og einfaldan hátt leitað allra upplýsinga sem tengjast skólastarfi barna sinna. Foreldrar hafa óskað eftir að upplýsingar verði í meira mæli á rafrænu formi en pappírsformi. Foreldrar eru þannig ánægðir með framtakið. Upplýsingar er alltaf að finna á vísum stað. Vandamálið við týnda miða er því úr sögunni.

**Tilnefndur: Flataskóli**

**Tilnefningaraðilar: Foreldrafélag og Foreldraráð Flataskóla**



## Hofsstaðaskóli

### Samfella milli skólastiga

Verkefnið snýst um að skapa enn meiri samfellu milli skólastiga en nú er gert með samstarfsverkefnum milli barna í 1. bekk og elsta árgangs leikskólans Hæðaból. Leikskólanemendur koma í heimsókn í skólann og vinna með nemendum sérstök þemaverkefni, í haust var það Skilaboðaskjóðan. Leikskólanemendur heimsækja líka bókasafnið, eru með í samsöng, þau borða saman í hádeginu í matsalnum, fara í tónmenntatíma og skoða íþróttasalinn. Nemendur í 1. bekk fara einnig í heimsókn í leikskólann. Með þessu verkefni kynnast leikskólanemendur skólanum og eru öruggari þegar þau hefja sína skólagöngu.

Markmiðið er að styrkja enn frekar samstarfsáætlun leik- og grunnskóla þannig að betri samfella myndist á milli skólastiga. Gagnvart kennurunum er markmiðið að gefa þeim tækifæri til að þróa kennslu- og starfsaðferðir sínar með skipulegum hætti og miðla reynslu sinni til annarra (samstarfsfólks, starfsmanna í öðrum skólum, foreldra).

Verið er að útfæra foreldrahluta verkefnisins en hingað til hefur áherslan verið á nemendur og nýja kennsluhætti. Foreldrar leikskólabarna kynnast skólanum fyrir en annars og þar sem foreldrar í Garðabæ hafa val um í hvaða grunnskóla barnið fer, má ætla að þetta verkefni auðveldi foreldrum að taka þá ákvörðun.

**Tilnefndur: Hofsstaðaskóli**

**Tilnefningaraðilar: Foreldrafélag og foreldraráð Hofsstaðaskóla**



## Selið

### Selið - félagsmiðstöð Grunnskóla Seltjarnarness

Selið er félagsmiðstöð sem starfar í nánú samstarfi við Grunnskóla Seltjarnarness, foreldrafélagið, unglingaráðgjafa og forvarnaryfirvöld á Nesinu. Mjög öflugt félagslíf er allan veturinn í Selinu og þar geta allir unglingar fundið eitthvað við sitt hæfi. Sérstakur félagsmálabekkur er kenndur í skólanum sem starfsfólk Selsins hefur umsjón með og læra nemendur að skipuleggja viðburði og halda utan um eigið félagslíf. Hvetur þau til aukinnar þátttöku í félagslífi og um leið læra unglिंगarnir að hafa áhrif á umhverfi sitt. Mun fleiri bjóða sig nú fram í kosningum í skólanum, þegar þeir hafa fengið leiðsögn í framkomu og að setja skoðanir sínar fram með skipulögðum hætti.

Selið hefur fest sig í sessi sem miðstöð unglinga og starfið þar verið alveg frábært í mörg ár þrátt fyrir slakan húsakost. Starfsfólkið er hins vegar með langan starfsaldur og þekkir vel allt grenndarsamfélagið, börnin, foreldrana og starfsfólk allra þeirra stofnana sem að börnum koma í bæjarfélaginu. Það hefur gríðarlegt forvarnargildi að hafa þessi nánú tengsl þar sem hægt er að grípa inn í snemma ef stefnir í óefni.

Selið er í mjög miklu samstarfi við foreldrafélagið og fundar reglulega með stjórn þess. Í sameiningu halda þessir aðilar úti mjög öflugum foreldrarölti bæði á föstudögum og laugardögum. Það hefur reynst öflugasta vopnið gegn eftirlitslausum samkvæmum unglinga og útivist unglinga eftir lögboðinn útivistartíma.

**Tilnefndir: Selið**

**Tilnefningaraðilar: Foreldrafélag Grunnskóla Seltjarnarness**



## Hólmfríður Petersen og Hrund Rúnarsdóttir Vellíðan í Vindáshlíð

Námskeið fyrir foreldra og börn þeirra um uppeldi og samskipti. Helsta markmið fræðslunnar er að stuðla að gagnkvæmri virðingu og trausti í samskiptum foreldra og barna.

Foreldrar dvelja með börnum sínum í Vindáshlíð. Þeir vinna ýmis verkefni með börnum sínum sem styrkja samband þeirra á milli. Einnig sitja foreldrar fyrirlestra um hvernig hægt er að taka á vandamálum, bæði heima fyrir og í skóla. Það hvetur foreldra til samskipta við kennara og aðra starfsmenn skólans jafnt þegar illa gengur og vel. Þeir nota jákvætt hugarfar sem ýtir undir að börnum þeirra líði sem best í skólanum.

Námskeiðið byggir traust milli foreldra og barna þeirra. Traustið skilar sér í bættu umhverfi bæði í leik og starfi. Betri líðan skilar betri árangri bæði hjá börnum og foreldrum. Þarna er um að ræða samverustundir, þar sem foreldrar og börn leysa þrautir og verkefni í sameiningu sem ýta undir samskipti þeirra á milli. Tjáskipti fjölskyldunnar þróast, hún lærir að hlusta og framkvæma í sameiningu.

Námskeiðin eru haldin þegar börnin eru í vetrarfrí frá föstudegi til sunnudags. Fyrirlestrar og verkefni eru byggð á bókum dr. Sigrúnar Aðalbjarnardóttur sem ber heitið “Samvera”. Stundum vinnur fjölskyldan sem heild og stundum aðskilin (þá sérstaklega þegar foreldrar sitja fyrirlestra um hvernig ber að taka á vandamálum og hvernig skal hvetja börn þeirra áfram í leik og starfi.

**Tilnefndar: Hólmfríður Petersen og Hrund Þórarinsdóttir**  
**Tilnefningaraðili: Nanna Björk Rúnarsdóttir**



## Tónlistarskóli Seltjarnarness

Tónlistarskólinn leggur sig fram um að vera í góðum tengslum við foreldra. Fréttabréf er sent til foreldra tvisvar á ári og foreldraviðtöl haldin reglulega. Fjölskyldur nemenda mæta mjög vel á alla tónleika og tónfundi á vegum skólans, sem eru ófáir. Í leikskólanum eru foreldrar hvattir til að mæta á vikulegar tónlistarstundir í leikskólanum, sem Tónlistarskólinn sér um. Öflug foreldrafélög eru starfandi í öllum sveitum skólans. Þar taka foreldrar virkan þátt m.a. í fjáröflun, upplýsingaflæði, fararstjórn og skipulagningu í kringum viðburði og ferðir.

Tónlistarskólinn leggur ekki aðeins áherslu á að vera í góðum tengslum við foreldra, heldur einnig við allt bæjarfélagið. Þátttaka Tónlistarskólans er orðin fastur liður í nánast öllum stórviðburðum á vegum bæjarins.

Einstaklega gott samstarf við alla aðila bæjarfélagsins er ein sterkasta sérstaða Tónlistarskólans og gerir hann að virkum þátttakanda í samfélaginu – og gott betur, því með þessu starfi gerir hann einnig börnin og fjölskyldur þeirra að virkum þátttakendum í bæjarlífinu öllu. Þetta stuðlar m.a. að auknum samskiptum barna, fjölskyldna, foreldra og kynslóða á Seltjarnarnesi og hefur um leið jákvæð áhrif á allt bæjarlífið.

**Tilnefndur: Tónlistarskóli Seltjarnarness**

**Tilnefningaraðilar: Foreldraráð Grunnskóla Seltjarnarness**



## **Sigurrós Stefánsdóttir**

### **Myndlist í leikskólanum Grænatúni**

Börnin eru í myndlistarhópum einu sinni í viku þar sem þau vinna að verkefnum undir handleiðslu Sigurrósar sem leggur aðaláherslu á samhæfingu auga, handar og huga. Börnin læra að nota einföld tæki og vinna með þau. Þá er einnig lögð áhersla á að verk barnanna njóti sín og fara þau ávallt upp til sýnis þegar þau eru tilbúin. Afrakstur starfsins er því mjög sýnilegur og gaman fyrir okkur foreldrana að fylgjast með hvernig færni nemenda vex og dafnar.

Myndlistin er skemmtilegur hluti af heildstæðu og öfluglu í starfinu á leikskólanum, þar sem öflugur hópur kennara stendur saman um að gera starfið frábært. Foreldrar fá góðar upplýsingar og er afrakstur verkefnanna sýnilegur og gleður alla sem sjá og fylgjast með. Myndlistastarfið er einn af þeim góðu sprotum sem styrkja innviði leikskólastarfsins og efla samskipti kennara, foreldra og nemenda. Myndlistin á Grænatúni er sýnileg og er að mínu mati góður vitnisburður um allt hið góða starf sem unnið er í þessum góða leikskóla. Myndlistin er stöðugt umræðuefni og sú stutta mín kennir föður sínum þegar heim er komið. Að jafnaði fara hópar deildarinnar í myndlist einu sinni í viku. Verkefni virðast þematengd og krakkarnir læra mjög mikið í faginu og í samstarfi við hvert annað.

**Tilnefnd: Sigurrós Stefánsdóttir**

**Tilnefningaraðilar: Foreldraráð leikskólans Grænatúns**



## Valgerður Halldórsdóttir Stjúptengsl

Valgerður hefur unnið að vitundarvakningu á málefnum stjúpfjölskyldna, stuðningur við stjúforeldra og börn í gegnum fræðslu og ráðgjöf, ásamt fræðsla í fjölmiðlum til ýmissa skóla, félagasamtaka og fyrirtækja um stjúptengsl og sérstöðu þeirra

Valgerður er frumkvöðull að þeirri vitundarvakningu sem orðið hefur á málefnum stjúpfjölskyldna. Hún stofnaði Félag stjúpfjölskyldna árið 2005, og hefur félagið boðið upp á allskyns fræðslu í gegnum árin. Þá rekur hún fyrirtækið stjúptengsl sem býður upp á fræðslu og ráðgjöf. Sú vitundarvakning sem Valgerður hefur staðið fyrir hefur vakið athygli á þessu fjölskylduformi og gert kennara og starfsmenn meðvitaðri um að þetta fjölskylduform er ólíkt kjarnafjölskyldunni á marga vegu og það þarf að hafa í huga þegar verið er að vinna með börn sem eru í stjúptengslum

Ég tel að það sé orðið minna um fordóma gagnvart stjúpfjölskyldum eftir alla þá umfjöllun sem Valgerður hefur verið með í fjölmiðlum og í fyrirlestrum sem hefur orðið til þess að fólk er orðið opnara fyrir þeirri staðreynd að stjúpfjölskyldur eru sérstakt fjölskylduform og þær eru að fást við ýmsa þætti í sínum samskiptum sem kjarnafjölskyldan stendur aldrei frammi fyrir. Aukin þekking minnkar fordóma

**Tilnefndir: Valgerður Halldórsdóttir**

**Tilnefningaraðilar: Marín Björk Jónasdóttir**



## Samtakahópurinn í Reykjanesbæ Ábyrg netnotkun

Fulltrúi FFGÍR á sæti í Samtakahópnum, þverfaglegu forvarnateymi í Reykjanesbæ. Foreldrar 6. og 8. bekkinga mættu á morgunfundi í skólanum þar sem rætt var um tölvunotkun barna, jákvæða og neikvæða þætti. Að auki voru tveir kvöldfundir fyrir foreldra.

Hafþór Birgisson, forstöðumaður Fjörheima og 88-hússins og Kristján Freyr Geirsson, lögreglumaður í Reykjanesbæ fóru á vegum Samtakahópsins, í alla 6. og 8. bekki grunnskóla Reykjanesbæjar ásamt foreldrum, með fræðslu um jákvæða og neikvæða þætti tölvunotkunar og hvöttu til ábyrgrar netnotkunar. Voru þessir árgangar einkum valdir m.t.t. að fjölmargir unglingar fá fartölvu í fermingargjöf í 8.bekk.

Einnig voru haldnir tveir opnir kvöldfundir, einn fyrir áramót og annar eftir áramót, þar sem farið var nánar yfir ýmsa þætti tölvunotkunar af lögreglu og sálfræðingi Fræðsluskrifstofu. Einnig kynnti foreldri sýna reynslu af notkun *Parental control* forrits sem auðvelt er fyrir foreldra að nota til að halda betur um tölvunotkun barna sinna.

**Tilnefndir: Samtakahópurinn í Reykjanesbæ**

**Tilnefningaraðilar: FFGÍR – foreldrafélög og foreldraráð grunnskólanna í Reykjanesbæ**





## Frá afhendingu Foreldraverðlauna Heimilis og skóla 2007

